

Fundargerð - Opinn fundur Skólaráðs 18 maí:

Fundur haldinn á teams, kynntur foreldrum skólans og á heimasíðunni, öllum opinn.

Fundargerð

Farið yfir skóladagatalið sem búið er að samþykkja af skólaráði. Helstu atriði:

- Starfsdagar 2 heilir dagar 6 hálfir
  - Búið að reyna að dreifa jafnt og þétt yfir árið og taka út starfsdaga sem liggja nálægt öðrum frídögum til að áhrif á heimilislíf nemenda séu minni.
  - Foreldrar bentu á:
    - Gott að hafa hálfra daga og vilja frekar fleiri slíka en heila daga.
  - Starfsmenn bentu á að
    - Þarft að hafa heilu starfsdagana líka upp á námskeið og fleira.
    - Þarf ekki starfsdaga í t.d. Mars apríl því það er svo mikið af eins daga fríi - betra fyrir foreldra.

Starfsdagar verða bæði heilir og hálfir til að mæta bæði óskum foreldra en taka tillit til þarfa starfsfólks til að halda uppi faglegu starfi og undirbúa það.

- Þemadagar, nýjung - byrja í október, verða svo einnig í júní
  - Breyta taktinum í skólastarfinu
  - Setja inn þemaverkefni sem við erum að vinna að í öllu sem við erum að gera
  - Vonandi hægt að sýna foreldrum afrakstur þemaverkefnis
- Útskrift
  - Einn nemandi að útskrifast núna í sumar og verður útskrift þá alltaf í kringum miðjan júní
- Sumar
  - Fleiri vettvangsferðir
  - Meiri leikur en að læra fyrir þau börn sem geta það
  - Föst rúttína yfir sumarið einnig fyrir börn sem þurfa meiri rúttínu
- Rauðir dagar
  - Minna foreldra á að skólinn er lokaður á rauðum dögum
  - Benda þeim á skóladagatalið á heimasíðu skólans

### Veturinn 2020-2021

Farið yfir helstu mál vetrarins.

- Nemendum hefur fjölgað mikið, eru núna 29
- Mikið af nýju starfsfólki samhliða stækkun skólans, Kennarar, atferlisfræðingar, þroskaþjálfar, tenglar, stuðningsfulltrúum, starfsfólki í eldhúsi og bókarar. Talmeinafræðingur hóf störf við lok vorannar.
- Farið yfir ytra mat menntamálastofnunnar sem fór fram á vorönn.
- Mikið af framkvæmdum á húsnæði skólans hafa farið fram í vetur.
- Og svo auðvitað Covid, miklar ráðstafanir í vetur, hefur gengið almennt vel en verið aukið álag á alla hér eins og annarstaðar í samfélaginu.

### Ytra mat

- Matið var í Janúar og farið yfir skólanámskrá og einstaklingsáætlanir
- Í framhaldinu af ytra matinu var gerð skýrsla sem er aðgengileg á vef skólans
- Umbótaáætlanir voru síðan unnar í samráði við starfsfólki skólans, skólaráðs og menntasviðs

### Framkvæmdir

- Skólalóð - Unnið verður meira að skólalóðinni fljótlega
- Vinnuaðstaða starfsfólks var bætt á skólaárinu.
- Farið í framkvæmdir á kennslustofum og sal næsta haust sem verður staðsettur í enda á b-álmunni.

### Covid

- Skólanum var skipt í sóttvarnarhólf og brugðist við í samræmi við ráðleggingar og reglugerðir. Dregið úr og bætt eftir stöðunni í samfélaginu hverju sinni
- Skerða þurfti viðveru nemenda um 2ö3 klst á samtals þriggja vikna tímabili frá mars 2020 til sumars 2021
- Vegna veikinda starfsfólks og bólusetningar þurfti að senda börn heim

### Sumarstarfið, helstu atriði sem komu fram

- Meiri útivera og frístund
- Dregið úr kröfum og meiri leikir og útivera fyrir þau börn sem geta
- Börn sem þurfa fasta rútinu halda því

### Farið yfir næsta vetur 2021-2022

- Nemendum fjölga og verða 35 á næsta ári
- Helena grunnskóla kennari bætist í hópinn
- Einhverjar breytingar á skipan tengla og stuðningsfulltrúa